

# Aðalfundur Snæfells, félags smábátæigenda á Snæfellsnesi

**haldinn 16. september 2019**

Tillögur til 35. aðalfundar LS 17. og 18. október 2019

Aðalfundur Snæfells fagnar þeim breytingum sem hafa verið gerðar á strandveiðikerfinu. Mikilvægt er að vinna áfram að aukinni hagkvæmni innan kerfisins. Bæta skal laugardögum og sunnudögum við mögulega veiðidaga.

1. Aðalfundur Snæfells leggur til að fyrirkomulagi strandveiða verði breytt á eftirfarandi hátt:

Hámarksafli verði fyrir hvern bát í hverjum mánuði. Magnið ákvarðist af fjölda þeirra sem sækja um. Heildaraflapottinum sé deilt í bátafjölda. Hægt verði að sækja um minna magn því mönnum verði skylt að veiða 100% af því sem þeir sækja um. Engar aðrar reglur eða hömlur. Ekkert hámark á dag, engin tímamörk. Menn geti algjörlega stjórnað sínu róðrarlagi.

## Greinargerð

Tilgangurinn með þessari breytingu er aukin hagkvæmni og margföldun á aflaverðmæti. Með þessu yrðu veiðarnar umhverfisvænni og auðlindin betur nýtt.

Líklegra

yrði að heildaraflaheimildir strandveiðikerfisins myndu nýtast því 100% veiðiskylda yrði á því sem sótt væri um.

2. Aðalfundur Snæfells krefst þess að reglugerðarhólf skuli opnuð tafarlaust og að sjávarútvegsráðuneytið skuli hafa samráð við heimamenn um lokanir.
3. Aðalfundur Snæfells telur að ekki skuli beita reglugerðarlokunum eða skyndilokunum á handfæraveiðar.
4. Aðalfundur Snæfells lýsir yfir fullum stuðningi við aflamarkskerfið.
5. Aðalfundur Snæfells leggur til að hrygningarstoppi við Breiðafjörð ljúki 11. apríl ár hvert.
6. Aðalfundur Snæfells ályktar að við kvótasetningu grásleppu verði þess gætt að ekki sé hróflað við stærðarhámörkum grásleppuveiðibáta. Mikilvægt er að gæta þess vel að stórútgærðin hrifsi ekki til sín grásleppuveiðarnar.
7. Aðalfundur Snæfells krefst þess að við kvótasetningu grásleppu verði þess gætt að veiðiskylda sé 0%. Veiðiskylda á grásleppu myndi gefa kaupendum grásleppu

óeðlilega mikil völd til verðstýringar og stilla fjölda grásleppuveiðimanna upp við vegg.

8. Aðalfundur Snæfells telur mjög mikilvægt að standa fast í lappirnar varðandi tilburði Hafró til svæðalokana grásleppuveiðisvæða í Breiðafirði sem byggja á útreikningum sem standast enga skoðun. Viðtækar lokanir hefðu hræðilegar afleiðingar fyrir samfélagið við innanverðan Breiðafjörð.
9. Aðalfundur Snæfells mótmælir harðlega þeirri aðferðafræði sem hefur verið viðhöfð við útreikninga á meðafla í grásleppunet. Það er að segja uppreikning á fugli og sel úr veiðieftirlitsferðum Fiskistofu.
10. Aðalfundur Snæfells krefst þess að löndun á hvítlúðu sem meðafla við krókaveiðar verði leyfð, enda sé ekki um beina sókn að ræða. Um andvirði aflans skal fara með eins og andvirði annars afla.
11. Aðalfundur Snæfells skorar á stjórnvöld að auka rannsóknir á lífríki Breiðafjarðar, sérstaklega ef auka eigi nýtingu þara úr firðinum, og hvaða áhrif hún hafi á lífríki Breiðafjarðar og viðgang fiskiseiða.
12. Aðalfundur Snæfells mótmælir harðlega öllum hugmyndum um myndavélaeftirlit utan hafna.
13. Aðalfundur Snæfells leggur til að leyfðar verði netaveiðar á krókaflamarksbátum frá 1. september til 15. apríl ár hvert.
14. Aðalfundur Snæfells telur brýnt að efla öryggi sjómanna.
15. Aðalfundur Snæfells skorar á Samgöngustofu að setja þau skilyrði fyrir fullgildu haffæri að skip séu rétt skráð inn í AIS.
16. Aðalfundur Snæfells skorar á sjávarútvegsráðherra að reyna með öllum ráðum að opna fyrir viðskipti við Rússland hið fyrsta.
17. Aðalfundur Snæfells leggur til að við mat á veiðiskyldu smábáta skuli tekið tillit til veikinda og vélabilana.
18. Aðalfundur Snæfells skorar á sjávarútvegsráðherra að breyta ákvæði laga um línuívilnun þannig að hún gildi fyrir alla dagróðrabáta minni en 30 brúttótonn og styttri en 15 metrar.  
Verði 30% við fulla beitningu, 20% við uppstokkun og 10% fyrir vélabáta.
19. Aðalfundur Snæfells leggur til að við makrílveiðar færabáta verði viðbótarheimildum úthlutað samhliða veiðum. Ekkert skip getur fengið úthlutað viðbótarafilaheimild fyrir en það hefur veitt 80% af úthlutuðum aflaheimildum sínum, enda gildi sú takmörkun ekki hjá bátum sem hafa úthlutað aflamark minna en 27 lestir.

